Aðalfundur FFÁS og fræðslustund 2020

Föstudaginn 6. mars kl. 13:00-15:30 í skólasafni Selásskóla
Fundarstjóri: Guðrún Þórðardóttir
Fundarritari: Halla Svavarsdóttir
Mættir voru 32 félagsmenn

Dagskrá aðalfundar:
Skýrsla stjórnar: Dröfn Vilhjálmsdóttir, formaður
Ársreikningur félagsins: Margrét Björnsdóttir, gjaldkeri
Kosning í stjórnarstöður: stjórn, fræðslunefnd, kjaranefnd og endurskoðun reikninga
Önnur mál

Fundarstjóri kynnti dagskrá aðalfundar, formann og ritara félagsins og gaf formanni orðið til að kynna skýrslu stjórnar.

Formaður byrjaði á að þakka Rósu Harðar fyrir að hýsa fundinn og þakkaði Guðrúnu Þórðar fyrir að taka að sér fundarstjórn.

Skýrsla stjórnar
Formaður kynnti stjórnarmeðlimi og nefndir.
Í stjórn eru:
Dröfn Vilhjálmsdóttir - Seljaskóla, formaður
Guðrún Ólafsdóttir – Kársnesskóla, varaformaður
Margrét Björnsdóttir – Skólasafnamiðstöð, gjaldkeri
Halla Svavarsdóttir - Víðistaðaskóla, ritari
Ágústa Lúðvíksdóttir – Flataskóla, meðstjórnandi og í fræðslunefnd
Guðmunda Guðlaugsdóttir – Snælandsskóla, meðstjórnandi og í fræðslunefnd
Ragnhildur Birgisdóttir – Grunnskóla Seltjarnarness, umsjón með póstlista
Sigrún Fossberg Arnardóttir – Breiðholtsskóla, meðstjórnandi
Þóra Jónsdóttir - Öldutúnsskóla, meðstjórnandi

Þá þakkaði formaður stjórninni fyrir vel unnin störf og sérstaklega þeim sem eru að víkja úr stjórn en það eru þær Guðmunda, Ragnhildur og Sigrún.

Formaður rifjaði upp starfsemi félagsins síðast liðið ár en alls voru haldnir fimm fundir auk rafrænna funda. Fyrsta fræðslustundin var vorferð í maí með rúmlega 30 félagsmönnum sem farin var austur fyrir fjall í Hveragerði og á Selfoss. Þar var Bókasafn Hveragerðis heimsótt ásamt því að farin var skoðunarferð um bæinn og Skáldagatan gengin undir leiðsögn Njarðar Sigurðssonar leiðsögumanns í blíðskaparveðri. Þá var litið í heimsókn á Bókasafn Árborgar á Selfossi og í skólasafn Sunnulækjarskóla. Einnig var komið við á Konubókastofunni á Eyrarbakka en ferðinni lauk með kvöldverði og spurningakeppni í Tryggvaskála.

Formaður greindi einnig frá fræðslustund sem haldin var í nóvember síðastliðnum í Breiðagerðisskóla hjá Guðbjörgu þar sem áhersla var lögð á pappírsjólaföndur úr gömlum afskráðum bókum undir leiðsögn Valdísar Óskar Jónasdóttur.

FFÁS kemur einnig að Gerðubergsráðstefnunni 7. mars en Guðrún Ólafsdóttir situr í undirbúningsnefnd fyrir hönd félagsins.

Áform eru uppi um að halda uppteknum hætti og fara í vor- og fræðsluferð í maí næst komandi.

Þá ræddi formaður um stöðu skólasafnanna og segist finna meðbyr með þeim og það sé ekki lengur talað fyrir daufum eyrum. Margar barna- og unglingabækur litu dagsins ljós á árinu sem bætir sannarlega stöðuna. Boðið var upp á sérstakan jólabókamarkað fyrir skólasöfn og leikskóla og hefur Reykjavíkurborg veitt þessum stofnunum sínum auka fjármagn til innkaupa á markaðinum sem vonandi getur orðið öðrum sveitarfélögum gott fordæmi. Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra hefur áhuga á að bæta stöðu safnanna og setti á laggirnar verkefnið „Áfram íslenska“ þar sem gera átti úttekt á stöðu þeirra og koma með tillögur að úrbótum en því miður kom ákveðið bakslag í málið í febrúar þar sem verkefnastjórinn varð að hætta störfum. Lilja hefur fullan hug á að halda þessari vinnu áfram því það þarf að móta stefnuna og fylgja henni eftir og tryggja reksturinn með öruggri umgjörð.

Það er oft leitað til félagsins og leitaði t.d. Háskóli Íslands til Rósu Harðar og Heiðu um að sinna kennslu í skólasafnafræði. Eins hafa nokkrir félagsmenn verið í samvinnu við Menntamálastofnun og komið að gerð verkefna hjá þeim.

Dröfn formaður er fulltrúi skólasafnanna í stjórn IBBY og tókst að setja í gang veggspjaldaverkefni í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO. Árlega er myndhöfundur fenginn til að teikna og hanna lestrarhvetjandi spjald til að skreyta veggi skóla og skólasafna. Allir skólar landsins fá tvö eintök gefins.

Þá vakti Dröfn athygli fundarmanna á facebookhóp félagsins og hvatti alla til að nýta sér hópinn og deila upplýsingum með öðrum og sækja sér þangað aðstoð og upplýsingar.

Einnig þyrftum við að eignast okkar eigin opinbera vettvang til dæmis með Skólasafnamiðstöð á landsvísu sem myndi tryggja jafnræði og jafnt aðgengi allra nemenda að bókum. Þar væri meðal annars hægt að bjóða upp á fræðslufundi fyrir starfsfólk safnanna. Miðstöðin gæti verið eftirlitsaðili, veitt aðstoð og faglegan stuðning og haldið úti vefsíðu svo eitthvað sé nefnt.

Nýlega var eini opinberi vettvangurinn sem FFÁS hafði, lítil undirsíða á heimasíðu KÍ, lögð niður og lokað. Þar kom fram hverjir sátu í stjórn hverju sinni. Dröfn gerir ráð fyrir að opna fljótlega aftur gamla síðu í eigu félagsins sem ekki hafði verið lokið við þannig að hægt verði að halda úti opinberum upplýsingum um stjórn FFÁS. Slóðin verður send félagsmönnum þegar síðan fer í loftið.

Ársreikningur félagsins
Margrét Björnsdóttir gjaldkeri fór yfir styrki og fasta útgjaldaliði eins og Gerðubergsráðstefnuna og föndrið á jólafræðslustundinni. Einnig greindi hún frá gjaldaliðum við vorferðina. Félagið er með tap eftir árið upp á 31.641. Það er búið að yfirfara reikninga og fundarmenn samþykktu ársreikninginn með lófaklappi.

Kosning í stjórnarstöður
Úr stjórn gengu Guðmunda Guðlaugsdóttir, Ragnhildur Birgisdóttir og Sigrún Fossberg Arnardóttir. Í stjórn bauð sig fram Þórunn Grétarsdóttir úr Garðaskóla en þá var ennþá pláss í fræðslunefnd. Guðrún fundarstjóri hvatti fundarmenn til að bjóða sig fram. Rósa spruði hvert hlutverk fræðsluráðs væri. Dröfn svaraði því til að stjórnarmenn skiptu yfirleitt með sér verkum í stjórninni. Þórdís Steinarsdóttir úr Norðlingaskóla bauð sig fram og fékk lófaklapp. Þeir Ásgeir Eyþórsson í Kelduskóla og Ívar Ólafsson í Hagaskóla ætla að fylgja áfram eftir launasamningi félagsmanna, Ásgeir fyrir félagsmenn í KÍ og Ívar fyrir félagsmenn í SBU. Árný og Heiða Rúnarsdóttir sem er til vara ætla að sjá um að endurskoða reikninga.

Önnur mál
Ívar tók til máls og gerði grein fyrir kjaramálum. Hann las upp póst sem félagsmenn fengu sendan frá Sigrúnu Guðnadóttur hjá SBU. Aðalfundur SBU verður föstudaginn 17. apríl kl. 12. Þá las Ívar upp bréf frá Ásgeiri þar sem hann gat ekki mætt á fundinn en þar kom fram að staðan væri óbreytt og allt fast og ekkert að gerast þar líkt og kom fram í máli Ívars í póstinum frá SBU.

Fleira var ekki rætt og sleit Guðrún fundi og við tók fræðslustund.

Valgerður Anna Jóhannsdóttir, lektor og aðjúnkt í fréttamennsku, flutti erindi um falsfréttir.

Rósa Harðardóttir forstöðumaður bókasafns Selásskóla og gestgjafi sagði frá starfsemi skólasafnsins. Nemendur skólans eru rúmlega 200 talsins í 1.- 7. bekk. Safnið er miðsvæðis og ýmsar breytingar í vændum, m.a. verður opnað makerspace svæði fyrir nemendur þar sem áður var tölvuver skólans.

Kaffihlé

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, deildarstjóri miðlunar og nýsköpunar hjá Borgarbókasafninu, kynnti Okið sem er upplifunarrými fyrir unglinga. Hún sýndi skissur frá undirbúningsvinnunni, myndir af húsnæðinu og frá sjálfri starfseminni. Borgarbókasafnið fékk styrk frá Barnamenningarsjóði Íslands fyrir Okinu. Nemendur komu að hugmyndavinnunni og það voru haldnar vinnustofur með þeim. Bókin Nord eftir Camilla Hübbe var höfð til hliðsjónar hvað varðar liti og útlit og nokkrar hugmyndir fengnar úr bókinni.

Eldhugar á skólasöfnum á slóðum dreka. Kynning á því helsta frá 48. ráðstefnu IASL skólasafnssamtakanna 2019 í Króatíu. Þær Guðrún, Rósa, Árný, Sigríður Halldóra, Margrét, Inga Lára, Arnþrúður og Jóhanna sögðu frá.